

# **AKUREYRARBÆR**

## **MISMUNUN Á VINNUSTAÐ 2010-2019**

---

**Hjördís Sigursteinsdóttir**

**Febrúar 2020**



## EFNISYFIRLIT

|                            |   |
|----------------------------|---|
| MYNDASKRÁ.....             | 3 |
| INNGANGUR .....            | 4 |
| MISMUNUN EFTIR KYNI .....  | 5 |
| MISMUNUN EFTIR ALDRI ..... | 6 |
| MISMUNUN Á VINNUSTAÐ.....  | 7 |
| SAMANTEKT .....            | 8 |

## MYNDASKRÁ

|                                                                   |   |
|-------------------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1. Er starfsfólki mismunað eftir kyni á vinnustaðnum? .....  | 5 |
| Mynd 2. Er starfsfólki mismunað eftir aldri á vinnustaðnum? ..... | 6 |
| Mynd 3. Mismunun á vinnustað 2010-2019 .....                      | 7 |

## INNGANGUR


Í þessari skýrslu er mismunun á vinnustað skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019.

Skýrslunni er skipt upp í fimm hluta; (1) Inngangur, (2) Mismunun eftir kyni, (3) Mismunun eftir aldri, (4) Mismunun á vinnustað, (5) Samantekt.

Mismunun á vinnustað var mæld með tveimur spurningum; (1) „Er starfsfólki mismunað eftir kyni á vinnustaðnum?“, (2) „Er starfsfólki mismunað eftir aldri á vinnustaðnum?“. Svarmöguleikar voru; Mjög lítið eða alls ekki, frekar lítið, nokkuð, frekar mikið og mjög mikið. Svarmöguleikum voru gefin tölugildi á bilinu 1 til 5 þar sem hærra gildi var verra en lægra gildi. Þetta má túlka þannig að hærra meðaltal þýðir meiri mismunun á vinnustað.

## MISMUNUN EFTIR KYNI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Er starfsfólki mismunað eftir kyni á vinnustaðnum?“. Svarmöguleikar voru: Mjög lítið eða alls ekki, frekar lítið, nokkuð, frekar mikið og mjög mikið. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi taldi starfsfólki mismunað eftir kyni á vinnustaðnum. Meðaltalið sést ekki á mynd 1 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um mismunun á vinnustað.




**Mynd 1. Er starfsfólki mismunað eftir kyni á vinnustaðnum?**

Hlutfall þeirra sem taldi starfsfólki mjög lítið eða alls ekki mismunað eftir kyni á vinnustaðnum lá á bilinu 78,7-83,8%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 0,6%-1,2% tilvika taldi starfsfólki að starfsfólki væri mjög mikið mismunað eftir kyni á vinnustaðnum, hæst í fyrirlögninni 2015.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem taldi starfsfólki mjög lítið eða alls ekki mismunað eftir kyni á vinnustaðnum lá á bilinu 70,1-79,8%, hæst í fyrirlögninni 2019. Í 0,9%-2,3% tilvika taldi starfsfólki að starfsfólki væri mjög mikið mismunað eftir kyni á vinnustaðnum, hæst í fyrirlögninni 2015.

## MISMUNUN EFTIR ALDRI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Er starfsfólki mismunað eftir aldri á vinnustaðnum?“. Svarmöguleikar voru: Mjög lítið eða alls ekki, frekar lítið, nokkuð, frekar mikið og mjög mikið. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi taldi starfsfólki mismunað eftir aldri á vinnustaðnum. Meðaltalið sést ekki á mynd 2 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um mismunun á vinnustað.




Mynd 2. Er starfsfólki mismunað eftir aldri á vinnustaðnum?

Hlutfall þeirra sem taldi starfsfólki mjög lítið eða alls ekki mismunað eftir aldri á vinnustaðnum lá á bilinu 74,0-79,7%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 0,4%-1,2% tilvika taldi starfsfólki að starfsfólki væri mjög mikið mismunað eftir aldri á vinnustaðnum, hæst í fyrirlögninni 2011.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem taldi starfsfólki mjög lítið eða alls ekki mismunað eftir aldri á vinnustaðnum lá á bilinu 64,9-77,2%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 0,4%-2,1% tilvika taldi starfsfólki að starfsfólki væri mjög mikið mismunað eftir aldri á vinnustaðnum, hæst í fyrirlögninni 2015.

## MISMUNUN Á VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurningarnar tvær um mismunun á vinnustað. Reiknað var meðaltal fyrir báðar spurningarnar um mismunun á vinnustað þannig að hærra meðaltal túlkast sem meiri mismunun á vinnustað.



**Mynd 3. Mismunun á vinnustað 2010-2019**

Niðurstöðurnar sýna að meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist á bilinu 1,25-1,36 af 5,0 mögulegum sem túlka má að lítið sé um að starfsfólki sé mismunað á vinnustað. Meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2015.

Niðurstöðurnar sýna einnig að þegar á heildina er lítið var meðaltal fyrir mismunun á vinnustað lægra en hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýna niðurstöðurnar að meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist á bilinu 1,33-1,58 af 5,0 mögulegum sem túlka má að lítið sé um að starfsfólki sé mismunað á vinnustað. Meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2015.

## SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er mismunun á vinnustað skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019. Fjallað var um mismunun eftir kyni og aldri.

Niðurstöðurnar sýna að meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist á bilinu 1,25-1,36 af 5,0 mögulegum sem túlka má að lítið sé um að starfsfólki sé mismunað á vinnustað. Meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2015. Niðurstöðurnar sýna einnig að þegar á heildina er litið var meðaltal fyrir mismunun á vinnustað lægra en hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýna niðurstöðurnar að meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist á bilinu 1,33-1,58 af 5,0 mögulegum sem túlka má að lítið sé um að starfsfólki sé mismunað á vinnustað. Meðaltal fyrir mismunun á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2015.